

Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003–2005

Risk of poverty and income distribution 2003–2005

Samantekt Árin 2003–2005 voru tæplega 10% landsmanna á einkaheimilum fyrir neðan lágtekjumörk (e. *at risk of poverty*) eins og þau eru skilgreind í lífsskjararannsókn Evrópusambandsins. Lágtekjumörkin voru 111.333 krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði fyrir einstakling sem bjó einn árið 2005 en 233.800 krónur fyrir tvo full-orðna með tvö börn.

Ef litið er til aldurs og kyns kemur í ljós að hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum árið 2005 var hæst hjá konum á aldrinum 16 til 24 ára eða rúm 14%, en lægst hjá fólki í aldurshópnum 50–64 ára, eða rétt yfir 4%.

Hlutfallslega fleiri sem bjuggu einir eða voru einir með börn voru undir lágtekjumörkum en þeir sem bjuggu á annars konar heimilum. Það sama gildir um þá sem bjuggu í leiguhúsnæði samanborið við þá sem bjuggu í eigin húsnæði.

Þegar þau 20% landsmanna sem höfðu hæstar ráðstöfunartekjur eru borin saman við þau 20% sem höfðu lægstar ráðstöfunartekjur (fimmtungastuðull) árið 2005 kemur í ljós að tekjuhæsti hópurinn var með 3,7 sinnum hærri tekjur en sá tekjulægsti. Gini-stuðullinn, sem sýnir dreifingu ráðstöfunartekna meðal allra landsmanna sem búa á einkaheimilum, var 26 árið 2005. Stuðullinn væri 100 ef sami maður væri með allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.

Af 30 Evrópuþjóðum árið 2005 var Ísland ein þriggja þjóða sem var með lægsta lágtekjuhlutfallið. Sex þjóðir voru með lægri fimmtungastuðul en Íslendingar, ein jöfn og 22 með hærri stuðul. Loks voru sex Evrópuþjóðir með lægri Gini-stuðul en Íslendingar, tvær með jafnháan og 21 með hærri stuðul. Þess má geta að þar sem lítil dreifing er á stuðlunum þarf litla breytingu til að færast upp eða niður um nokkur sæti á listanum.

Inngangur

Í byrjun árs 2004 hóf Hagstofa Íslands að framkvæma lífsskjararannsókn sem er hluti af samræmdri lífsskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Sambærileg rannsókn er gerð í öllum löndum Evrópusambandsins, í Noregi og Sviss. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og gengið er út frá ráðstöfunartekjum heimila þegar efnahagsleg staða fólks er metin.

Við hönnun lífsskjararannsóknarinnar var lagt upp með að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnvaldsskrám, en sneiða jafnframt hjá göllunum. Upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá sem gefa áreiðanlegri upplýsingar um tekjur en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru



fengnar með símaviðtali sem gefur betri upplýsingar um þá sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Fyrsta rannsóknin hér á landi var gerð í ársbyrjun 2004 og var viðmiðunarárið 2003. Í þessu hefti er fjallað um rannsóknirnar sem gerðar voru árin 2004 til 2006 en þær byggjast á tekjum næsta árs á undan. Í skýringum aftast má sjá túlkun á aðferðum og hugtökum. Skýringarnar eru númeraðar og verður vísað í þau númer eftir því sem við á (sjá bls. 16–17).

Tafla 1. Svarhlutfall, úrtak og fjöldi þátttakenda
Table 1. Response rate, sample and number of participants

| | 2004 | 2005 | 2006 |
|--|-------|-------|-------|
| Svarhlutfall, % <i>Response rate, %</i> | 74 | 75 | 73 |
| Heimili í úrtaki <i>Households in sample</i> | 3.998 | 4.056 | 4.085 |
| Heimili utan þýðis <i>Households out of scope</i> | 128 | 159 | 204 |
| Heimili sem veittu svör <i>Households who responded</i> | 2.882 | 2.928 | 2.845 |
| Heimilismenn 16 ára og eldri <i>Household members 16 or older</i> | 6.601 | 6.670 | 6.521 |
| Heildarfjöldi heimilismanna <i>Total number of household members</i> | 8.793 | 8.840 | 8.598 |

Helstu niðurstöður

Eins og áður sagði er lífskjararannsóknin hluti af evrópsku lífskjararannsókninni og því er stuðst við skilgreiningar hennar. Evrópusambandið notast við hlutfallslega (eða afstæða) aðferð við að mæla hversu stór hópur fellur fyrir neðan tiltekin skilgreind mörk hverju sinni. Þessi mörk nefnast á ensku „at-risk-of-poverty“ sem vísar til þess hóps sem hefur svo lágar ráðstöfunartekjur að hann er talinn vera í áhættu um fátækt. Í þessari skýrslu er talað um lágtekjumörk, bæði vegna þess að það vísar einvörðungu til tekna og er tiltölulega þjált í munn. Þessi hlutfallslega (eða afstæða) aðferð byggist á þeirri hugmynd að sá teljist undir lágtekjumörkum sem ekki býr við þau lífskjör sem eru einkennandi fyrir samfélagið þar sem hann býr. Einstaklingur sem er með meðaltekjur í öðru Evrópulandi gæti því fallið fyrir neðan viðmiðunarmörkin á Íslandi þó að hann geri það ekki í heimalandi sínu. Jafnframt er óvíst að allir þeir sem eru fyrir neðan lágtekjumörk á Íslandi búi við þröngan kost. Það veltur til dæmis á eignum, skuldastöðu og ýmsum öðrum þáttum.

Til þess að finna lágtekjumörkin þarf að reikna út ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 4, bls. 16–17). Ráðstöfunartekjur (skýring 3, bls. 16–17) eru tekjur heimilisins eftir skatta. Greiðslur, bætur og styrkir frá ríki og sveitarfélögum eru hluti af ráðstöfunartekjum (skýring 2, bls. 16–17). Fjármagnstekjur teljast einnig til ráðstöfunartekna en söluhagnaður verð- og hlutabréfa er undanskilinn (skýring 3 og skýring 11, bls. 16–17). Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu taka mið af heildartekjum heimilisins en taka jafnframt tillit til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilis sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er tekið tillit til þess að útgjöld vegna barna eru lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Þannig fær fyrsti fullorðni einstaklingurinn vægið 1,0, aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vægið 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vægið 0,3. Heimili með tveimur fullorðnum og tveimur börnum undir 14 ára aldri fær því vogina $1 + 0,5 + 0,3 + 0,3 = 2,1$ neyslueiningu.

Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu var 185.555 krónur árið 2005

Lágtekjumörk, samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins, eru 60 % af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Miðgildið er sú tala sem lendir í miðjunni þegar ráðstöfunartekjum á neyslueiningu er raðað upp frá þeim lögstu til þeirra hæstu. Þeir sem eru með lægri tekjur en 60% af miðgildinu teljast undir lágtekjumörkum (e. *at-risk-of-poverty*). Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu er sýnt í töflu 2 hér að neðan.

Á árinu 2005 var miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu 185.555 krónur á mánuði en 171.949 krónur árið áður. Þessi tala miðast við einstakling sem býr einn. Heimili þar sem fleiri búa þurfa hærri tekjur til að hafa sambærileg lífsskjör. Til að taka mið af stærðarhagkvæmni heimila þarf að reikna út hversu margar neyslueiningar hvert heimili er. Ef við tökum eins og áður dæmi af fjögurra manna fjölskyldu þar sem tveir einstaklingar eru 14 ára eða eldri og tveir yngri en 14 ára, þá fær heimilið vogina 2,1 neyslueiningu ($1,0 + 0,5 + 0,3 + 0,3 = 2,1$). Þannig þurfa þessir tveir fullorðnu einstaklingar með tvö börn að hafa 389.666 krónur ($2,1 * 185.555$) samtals í ráðstöfunartekjur til þess að teljast hafa jafngóð lífsskjör og fyrrnefndur einstaklingur hafði árið 2005 (skýring 4, bls. 16–17).

Tafla 2. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, tíundarhlutar
 Table 2. *Equivalised disposable income, percentiles*

| Krónur á mánuði <i>ISK per month</i> | 2003 | 2004 | 2005 |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|
| 10% | 96.777 | 104.030 | 112.375 |
| 20% | 115.721 | 125.618 | 135.632 |
| 30% | 133.400 | 140.908 | 153.681 |
| 40% | 147.760 | 156.790 | 168.878 |
| 50% | 161.502 | 171.949 | 185.555 |
| 60% | 177.076 | 188.195 | 203.503 |
| 70% | 196.369 | 206.660 | 225.866 |
| 80% | 220.694 | 236.408 | 255.564 |
| 90% | 260.996 | 283.216 | 314.679 |

Skýringar *Notes:* Hlutfallstölurnar sýna það hlutfall einstaklinga sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en upphæðin sem gefin er. Til dæmis eru 50% einstaklinga með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 185.555 krónur á mánuði árið 2005. *The percentiles show the percentage of persons with lower income than the given amounts. For example 50% of persons have equivalised disposable income which is lower than 185,555 ISK per month in 2005.*

Lágtekjumörk voru 111.333 krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu árið 2005 fyrir einstakling sem bjó einn en 233.800 krónur fyrir tvo fullorðna með tvö börn

Lágtekjumörk árið 2005 voru 111.333 krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 111.333 krónur á mánuði voru þannig fyrir neðan lágtekjumörk samkvæmt skilgreiningunni. Samsvarandi upphæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir og tvö börn yngri en 14 ára var 233.800 krónur á mánuði (skýring 1, bls. 16–17).

Tafla 3. Lágtekjumörk, tvö dæmi

Table 3. At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)

| Krónur á mánuði ISK per month | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---------|---------|---------|
| Einn á heimili One person household | 96.901 | 103.169 | 111.333 |
| Tveir fullorðnir og tvö börn Two adults and two children | 203.493 | 216.656 | 233.800 |

Lágtekjumörk eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins

Til að undirstrika það að lágtekjumörkin eru hlutfallsleg eða afstæð samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins má sjá á töflu 4 hvernig sá hópur, sem fellur fyrir neðan viðmiðunarmörkin, stækkar eða minnkar þegar mörkin eru færð til. Samkvæmt viðmiði Evrópusambandsins voru 9,6% Íslendinga undir lágtekjumörkum árið 2005. Ef lágtekjumörkin eru sett við 50% af miðgildi, líkt og OECD gerir, væru 5,2% fyrir neðan þau. Ef miðað væri við 70% væru 17,2% fyrir neðan mörkin.

Tafla 4. Dreifing einstaklinga eftir lágtekjumörkum

Table 4. Dispersion around the at-risk-of-poverty threshold

| Viðmið Threshold | Hlutfall Percentage | | | Vikmörk CI 2004 | Áætlaður fjöldi Estimated number 2005 |
|---------------------|---------------------|------|------|--------------------|---|
| | 2003 | 2004 | 2005 | | |
| 40% | 2,6 | 2,8 | 2,7 | ± 0,6 | 8.000 |
| 50% | 5,5 | 5,1 | 5,2 | ± 0,9 | 15.200 |
| 60% | 10,0 | 9,7 | 9,6 | ± 1,2 | 27.900 |
| 70% | 18,5 | 16,7 | 17,2 | ± 1,4 | 49.800 |

Skýringar Notes: Vikmörk voru reiknuð fyrir árið 2004 sem er miðjuárið. Confidence interval (CI) was calculated for the year 2004, which is the year in the middle.

Tæplega 10% voru undir lágtekjumörkum árið 2005 miðað við skilgreiningu Evrópusambandsins

Eins og áður kom fram voru 9,6% landsmanna undir lágtekjumörkum samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins árið 2005 og verður gengið út frá sömu viðmiðunum hér. Vikmörkin í töflunni sýna þá óvissu sem mælingin hefur í för með sér þar sem um úrtakskönnun er að ræða (skýring 10, bls. 16–17).

Þegar litið er til kyns og aldurs eru konur 16–24 ára sá hópur sem hefur mesta tilhneigingu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk árið 2005. Í sama aldurshópi voru 8,7% karla undir lágtekjumörkum. Úrtakið er þó ekki nægjanlega stórt til að hægt sé að fullyrða að munur sé á kynjunum í þessum aldurshópi þar sem vikmörkin skarast. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum var lægst í aldurs-
hópnum 50–64 ára eða rúmlega 4%. Í aldurshópnum 0–15 ára voru 12,1% undir lágtekjumörkum árið 2005.


Tafla 5. Lágtekjuhlutfall eftir aldri og kyni
Table 5. At-risk-of-poverty rate by age and gender

| | Hlutfall <i>Percentage</i> | | | Vikmörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i> |
|------------------------------------|----------------------------|------|------|----------------------|--|
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| | | | | | |
| Allur aldur <i>All ages</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 10,0 | 9,7 | 9,6 | ± 1,2 | 27.900 |
| Karlar <i>Males</i> | 9,7 | 9,8 | 9,1 | ± 1,2 | 13.300 |
| Konur <i>Females</i> | 10,5 | 9,6 | 10,1 | ± 1,4 | 14.500 |
| 0-15 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 11,8 | 10,3 | 12,1 | ± 2,3 | 8.400 |
| 16-24 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 14,7 | 14,9 | 11,4 | ± 2,5 | 4.300 |
| Karlar <i>Males</i> | 12,4 | 14,1 | 8,7 | ± 3,1 | 1.700 |
| Konur <i>Females</i> | 17,1 | 15,8 | 14,3 | ± 3,6 | 2.600 |
| 25-49 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 9,5 | 9,3 | 9,0 | ± 1,3 | 9.400 |
| Karlar <i>Males</i> | 9,5 | 9,1 | 9,0 | ± 1,6 | 4.700 |
| Konur <i>Females</i> | 9,4 | 9,5 | 9,1 | ± 1,6 | 4.700 |
| 50-64 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 4,5 | 5,8 | 4,2 | ± 1,5 | 2.000 |
| Karlar <i>Males</i> | 4,4 | 7,1 | 4,3 | ± 1,7 | 1.000 |
| Konur <i>Females</i> | 4,7 | 4,5 | 4,1 | ± 1,9 | 1.000 |
| 65 og eldri <i>and over</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 10,3 | 9,2 | 11,8 | ± 2,9 | 3.800 |
| Karlar <i>Males</i> | 8,8 | 8,6 | 10,0 | ± 3,6 | 1.500 |
| Konur <i>Females</i> | 11,7 | 9,8 | 13,5 | ± 3,8 | 2.200 |
| 16 og eldri <i>and over</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 9,5 | 9,5 | 8,8 | ± 1,0 | 19.400 |
| Karlar <i>Males</i> | 8,9 | 9,5 | 8,1 | ± 1,1 | 9.000 |
| Konur <i>Females</i> | 10,1 | 9,5 | 9,6 | ± 1,3 | 10.500 |
| 16-64 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 9,3 | 9,6 | 8,3 | ± 1,0 | 15.600 |
| Karlar <i>Males</i> | 8,9 | 9,6 | 7,8 | ± 1,2 | 7.400 |
| Konur <i>Females</i> | 9,8 | 9,5 | 8,9 | ± 1,3 | 8.200 |
| 0-64 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 10,0 | 9,8 | 9,3 | ± 1,2 | 24.100 |
| Karlar <i>Males</i> | 9,7 | 10,0 | 9,0 | ± 1,3 | 11.800 |
| Konur <i>Females</i> | 10,3 | 9,5 | 9,7 | ± 1,5 | 12.300 |

Af 30 Evrópuþjóðum árið 2005 voru Íslendingar ásamt Hollendingum og Tékkum með það lágtekjuhlutfall sem lægst gerðist innan Evrópu eða 10%. Lettar ráku lestina með 23% fólks á einkaheimilum undir lágtekjumörkum.

Mynd 1. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2005

Figure 1. At-risk-of-poverty rate, European comparison 2005



Skýringar Notes: Hér er miðað við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Eurostat birtir hinsvegar niðurstöður miðað við könnunarár (skýring 12, bls. 16–17). This publication refers to income year, the year the income is received. Eurostat publishes data according to survey year.

Heimild Source: Hagstofa Evrópusambandsins. Eurostat.

For translation of countries see table 6 on page 7.

Tafla 6. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburðurTable 6. *At-risk-of-poverty rate, European comparison*

| | 2003 | 2004 | 2005 |
|--------------------------------|------|------|------|
| Austurríki <i>Austria</i> | 13 | 12 | 13 |
| Belgía <i>Belgium</i> | 15 | 15 | 15 |
| Bretland <i>United Kingdom</i> | .. | 19 | 19 |
| Búlgaría <i>Bulgaria</i> | 15 | 14 | 14 |
| Danmörk <i>Denmark</i> | 11 | 12 | 12 |
| Eistland <i>Estonia</i> | 20 | 18 | 18 |
| Evrópusambandið <i>EU (25)</i> | 16 | 16 | 16 |
| Finnland <i>Finland</i> | 11 | 12 | 13 |
| Frakkland <i>France</i> | 13 | 13 | 13 |
| Grikkland <i>Greece</i> | 20 | 20 | 21 |
| Holland <i>Netherlands</i> | .. | 11 | 10 |
| Írland <i>Ireland</i> | 21 | 20 | 18 |
| Ísland <i>Iceland</i> | 10 | 10 | 10 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 19 | 19 | 20 |
| Kýpur <i>Cyprus</i> | .. | 16 | 16 |
| Lettland <i>Latvia</i> | .. | 19 | 23 |
| Litháen <i>Lithuania</i> | .. | 21 | 20 |
| Lúxemborg <i>Luxembourg</i> | 12 | 13 | 14 |
| Malta <i>Malta</i> | .. | 15 | 14 |
| Noregur <i>Norway</i> | 11 | 11 | 11 |
| Portúgal <i>Portugal</i> | 20 | 19 | 18 |
| Pólland <i>Poland</i> | .. | 21 | 19 |
| Rúmenía <i>Romania</i> | 18 | 18 | 19 |
| Slóvakía <i>Slovakia</i> | .. | 13 | 12 |
| Slóvenía <i>Slovenia</i> | .. | 12 | 12 |
| Spánn <i>Spain</i> | 20 | 20 | 20 |
| Svíþjóð <i>Sweden</i> | 11 | 9 | 12 |
| Tékkland <i>Czech Republic</i> | .. | 10 | 10 |
| Ungverjaland <i>Hungary</i> | .. | 13 | 16 |
| Þýskaland <i>Germany</i> | .. | 12 | 13 |

Skýringar Notes: Hér er miðað við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Eurostat birtir hinsvegar niðurstöður miðað við könnunarár (skýring 12, bls. 16–17). *This publication refers to income year, the year the income is received. Eurostat publishes data according to survey year.*

Heimild Source: Hagstofa Evrópusambandsins. *Eurostat.*

Þeir sem eru atvinnulausir eru líklegri en aðrir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Þegar litið er til stöðu fólks á vinnumarkaði (skýring 6, bls. 16–17) sést að hlutfallið undir lágtekjumörkum var 15,2% meðal þeirra sem ekki voru í vinnu en 6,7% meðal starfandi fólks árið 2005. Vegna þess hversu fáir einstaklingar eru á bak við mælinguna á atvinnuleysi eru vikmörkin víð og endurspeglar það hversu hópurinn er viðkvæmur fyrir sveiflum.

Tafla 7. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni

Table 7. *At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status and gender*

| | Hlutfall <i>Percentage</i> | | | Vikmörk | Áætlaður fjöldi |
|---|----------------------------|------|------|-----------|-------------------------|
| | | | | <i>CI</i> | <i>Estimated number</i> |
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| Heildarfjöldi <i>Total</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 9,4 | 9,3 | 8,7 | ± 1,0 | 18.900 |
| Karlar <i>Males</i> | 8,8 | 9,2 | 8,0 | ± 1,2 | 8.800 |
| Konur <i>Females</i> | 9,9 | 9,3 | 9,5 | ± 1,3 | 10.000 |
| Starfandi <i>Employed</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 7,0 | 7,9 | 6,7 | ± 1,0 | 10.500 |
| Karlar <i>Males</i> | 7,2 | 8,4 | 6,9 | ± 1,2 | 5.900 |
| Konur <i>Females</i> | 6,7 | 7,3 | 6,5 | ± 1,2 | 4.500 |
| Ekki í vinnu <i>Not at work</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 15,2 | 13,2 | 15,2 | ± 4,4 | 8.400 |
| Karlar <i>Males</i> | 13,8 | 12,3 | 12,8 | ± 6,2 | 2.900 |
| Konur <i>Females</i> | 16,1 | 13,8 | 16,7 | ± 5,8 | 5.500 |
| Atvinnulausir <i>Unemployed</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 25,9 | 25,0 | 14,4 | ± 11,7 | 200 |
| Karlar <i>Males</i> | 27,9 | 15,4 | 15,5 | ± 15,4 | 100 |
| Konur <i>Females</i> | 23,7 | 31,9 | 13,5 | ± 17,9 | 100 |
| Á eftirlaunum <i>Retired</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 11,7 | 9,5 | 10,3 | ± 3,1 | 3.500 |
| Karlar <i>Males</i> | 9,1 | 8,7 | 8,2 | ± 4,1 | 1.300 |
| Konur <i>Females</i> | 13,5 | 10,1 | 11,6 | ± 4,0 | 2.200 |
| Aðrir utan vinnu <i>Other inactive</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 18,0 | 16,7 | 21,0 | ± 3,1 | 4.700 |
| Karlar <i>Males</i> | 17,6 | 16,6 | 18,2 | ± 4,5 | 1.500 |
| Konur <i>Females</i> | 18,4 | 16,8 | 22,9 | ± 3,8 | 3.200 |

Þeim sem búa einir eða eru einir með börn er hættara en öðrum að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Almennt má segja að þeir sem búa einir eða eru einir með börn séu í mestri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum. Þeir sem búa einir og eru 65 ára eða eldri eru líklegastir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk, eða 27,6%. Þar á eftir koma einstæðir foreldrar, 26,9%. Vikmörk eru víð í þessum hópi en það veldur því að ekki er tölfræðilega marktækur munur á milli ára (skýring 7, bls. 16–17).

Tafla 8. Lágtekjuhluutfall einstaklinga eftir heimilisgerð

Table 8. *At-risk-of-poverty rate of persons by household type*

| | Hlutfall <i>Percentage</i> | | | Áætlaður fjöldi Vikmörk <i>Estimated CI number</i> | |
|--|----------------------------|-------------|-------------|---|---------------|
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| | | | | | |
| Heimili án barna | | | | | |
| <i>Households without dependent children</i> | 10,4 | 11,2 | 8,9 | ± 1,6 | 9.600 |
| Einn á heimili | | | | | |
| <i>One person household, total</i> | 22,1 | 23,6 | 17,4 | ± 3,9 | 5.400 |
| Einn á heimili, karl | | | | | |
| <i>One person household, male</i> | 20,4 | 24,4 | 15,6 | ± 5,0 | 2.600 |
| Ein á heimili, kona | | | | | |
| <i>One person household, female</i> | 24,0 | 22,9 | 19,5 | ± 5,5 | 2.900 |
| Einn á heimili, undir 65 | | | | | |
| <i>One person household, under 65 years</i> | 20,9 | 24,2 | 12,6 | ± 4,4 | 2.700 |
| Einn á heimili, 65 og eldri | | | | | |
| <i>One person household, 65 years and over</i> | 24,3 | 22,6 | 27,6 | ± 6,8 | 2.800 |
| Tveir fullorðnir undir 65, engin börn | | | | | |
| <i>Two adults under 65 years, no children</i> | 8,9 | 9,7 | 6,9 | ± 2,5 | 2.400 |
| Tveir fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn | | | | | |
| <i>Two adults, at least one 65+ years, no children</i> | 3,0 | 2,3 | 3,9 | ± 2,0 | 900 |
| Önnur barnlaus heimili | | | | | |
| <i>Other no dependent children</i> | 2,4 | 3,9 | 4,3 | ± 2,0 | 800 |
| Heimili með börn | | | | | |
| <i>Households with dependent children</i> | 9,9 | 8,8 | 10,0 | ± 2,1 | 18.200 |
| Einstætt foreldri með barn eða börn | | | | | |
| <i>Single parent, one or more dependent child</i> | 21,0 | 15,8 | 26,9 | ± 9,5 | 5.200 |
| Tveir fullorðnir með 1 barn | | | | | |
| <i>Two adults, 1 dependent child</i> | 7,4 | 7,1 | 10,1 | ± 3,5 | 3.800 |
| Tveir fullorðnir með 2 börn | | | | | |
| <i>Two adults, 2 dependent children</i> | 8,0 | 8,7 | 5,9 | ± 3,1 | 3.300 |
| Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri | | | | | |
| <i>Two adults, 3 or more dependent children</i> | 12,7 | 11,5 | 9,7 | ± 5,1 | 4.000 |
| Önnur heimili með börn | | | | | |
| <i>Other households with dependent children</i> | 6,5 | 4,6 | 6,8 | ± 3,8 | 1.900 |

Tiltölulega margir leigjendur voru undir lágtekjumörkum

Leigjendur voru í meiri hættu en aðrir á að lenda fyrir neðan lágtekjumörk þar sem 18,8% þeirra voru undir lágtekjumörkum árið 2005 samanborið við 8,2% húseigenda.

Tafla 9. Lágtekjuhlutfall eftir eigin húsnæði og leiguhúsnæði

Table 9. At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status

| | Hlutfall Percentage | | | Vikmörk CI | Áætlaður fjöldi Estimated number |
|---|---------------------|-------------|------------|------------|----------------------------------|
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| | Alls Total | 10,0 | 9,7 | 9,6 | ± 1,2 |
| Eigandi eða leigir frítt <i>Owner or rent free</i> | 8,6 | 7,9 | 8,2 | ± 1,2 | 20.700 |
| Leigjandi <i>Tenant</i> | 19,3 | 23,1 | 18,8 | ± 4,1 | 7.100 |

Þegar ellilífeyrir, örorkubætur og ekknaþætur eru taldar með ráðstöfunartekjum (tafla 10) en aðrar félagslegar greiðslur undanskildar (skýring 3, bls. 16–17) voru 18,5% undir lágtekjumörkum árið 2005. Í elsta hópnum, 65 ára og eldri, voru 17,8% fyrir neðan lágtekjumörk.

Tafla 10. Lágtekjuhlutfall að meðtöldum ellilífeyri, örorkubótum og ekknaþótum en án annarra félagslegra greiðslna

Table 10. At-risk-of-poverty rate before social transfers except old-age and survivors benefits

| | Hlutfall Percentage | | | Vikmörk CI | Áætlaður fjöldi Estimated number |
|-----------------------------|-----------------------------|------|------|------------|----------------------------------|
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| | Allur aldur All ages | | | | |
| Alls Total | 19,1 | 19,5 | 18,5 | ± 1,0 | 53.600 |
| Karlar Males | 18,2 | 19,4 | 17,7 | ± 1,1 | 25.800 |
| Konur Females | 19,9 | 19,6 | 19,3 | ± 1,1 | 27.800 |
| 0-15 ára years | | | | | |
| Alls Total | 24,8 | 24,4 | 23,9 | ± 2,3 | 16.700 |
| 16 og eldri and over | | | | | |
| Alls Total | 17,2 | 17,9 | 16,8 | ± 1,0 | 36.900 |
| Karlar Males | 16,0 | 17,4 | 15,3 | ± 1,4 | 17.000 |
| Konur Females | 18,4 | 18,4 | 18,2 | ± 1,5 | 19.900 |
| 16-64 ára years | | | | | |
| Alls Total | 17,5 | 18,6 | 16,6 | ± 1,1 | 31.200 |
| Karlar Males | 16,5 | 18,1 | 15,3 | ± 1,5 | 14.600 |
| Konur Females | 18,6 | 19,1 | 17,9 | ± 1,5 | 16.600 |
| 65 og eldri and over | | | | | |
| Alls Total | 15,3 | 13,8 | 17,8 | ± 2,1 | 5.700 |
| Karlar Males | 13,0 | 12,8 | 15,7 | ± 4,1 | 2.400 |
| Konur Females | 17,3 | 14,8 | 19,9 | ± 4,3 | 3.300 |

Greiðslur úr félagslega kerfinu skipta miklu máli fyrir elsta hópinn

Þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt sést veruleg breyting á högum elsta aldurshópsins, því að 81% af þeim sem voru 65 ára og eldri falla þá undir lágtekjumörkin árið 2005. Greiðslur úr almannatrygginga- og lífeyrissjóðakerfinu skiptu því verulegu máli fyrir þennan aldurshóp.

Tafla 11. Lágtekjuhlutfall þegar öllum félagslegum greiðslum er sleppt
Table 11. *At-risk-of-poverty rate before social transfers*

| | Hlutfall <i>Percentage</i> | | | Vikmörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i> |
|------------------------------------|----------------------------|------|------|----------------------|--|
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| | | | | | |
| Allur aldur <i>All ages</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 28,6 | 28,4 | 27,0 | ± 1,4 | 78.400 |
| Karlur <i>Males</i> | 26,5 | 27,4 | 25,6 | ± 1,5 | 37.300 |
| Konur <i>Females</i> | 30,7 | 29,4 | 28,5 | ± 1,7 | 41.000 |
| 0-15 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 26,4 | 25,5 | 25,4 | ± 2,8 | 17.700 |
| 16 og eldri <i>and over</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 29,3 | 29,3 | 27,5 | ± 1,2 | 60.700 |
| Karlur <i>Males</i> | 26,6 | 27,6 | 25,2 | ± 1,4 | 27.900 |
| Konur <i>Females</i> | 31,9 | 31,1 | 29,9 | ± 1,4 | 32.800 |
| 16-64 ára <i>years</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 20,1 | 20,4 | 18,5 | ± 1,3 | 34.700 |
| Karlur <i>Males</i> | 18,4 | 19,8 | 17,0 | ± 1,5 | 16.200 |
| Konur <i>Females</i> | 21,9 | 21,1 | 19,9 | ± 1,6 | 18.500 |
| 65 og eldri <i>and over</i> | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 82,5 | 81,2 | 81,0 | ± 2,9 | 25.900 |
| Karlur <i>Males</i> | 78,9 | 76,8 | 76,3 | ± 3,8 | 11.700 |
| Konur <i>Females</i> | 85,6 | 85,0 | 85,4 | ± 3,1 | 14.300 |

Tekjuhæsti fimmtungurinn hefur 3,7 sinnum meira en tekjulægsti fimmtungurinn

Kvarðinn S80/S20 (fimmtungastuðull) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu. Fimmtungastuðullinn gefur til kynna að þeir sem tilheyrðu tekjuhæsta fimmtungnum árið 2005 höfðu 3,7 sinnum hærri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en þeir sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungnum og 3,5 sinnum hærri árið 2004.


Tafla 12. Fimmtungastuðull, S80/S20
Table 12. *Inequality of income distribution, S80/S20*

| | S80/S20 | | | Vikmörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i> |
|-------------------|---------|------|------|----------------------|--|
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| | | | | | |
| Alls <i>Total</i> | 3,4 | 3,5 | 3,7 | ± 0,2 | 116.000 |

Upplýsingar um fimmtungastuðul eru tiltækar fyrir 30 Evrópuríki. Ísland er í sjöunda til áttunda sæti ásamt Austurríki með stuðulinn 3,7. Lægstir eru Danir og Slóvenar með stuðulinn 3,4. Hæstur er stuðullinn hjá Lettum eða 7,9. Þar eru tekjuhæstu 20 prósentin með 7,9 sinnum hærri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 20 tekjulægstu prósentin.

Mynd 2. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2005

Figure 2. *Income quintile share ratio, European comparison 2005*



Skýringar Notes: Hér er miðað við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Eurostat birtir hinsvegar niðurstöður miðað við könnunarár (skýring 12, bls. 16–17). *This publication refers to income year, the year the income is received. Eurostat publishes data according to survey year.*

Heimild Source: Hagstofa Evrópusambandsins. *Eurostat.*

For translation of countries see table 6 on page 7.

Tafla 13. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2005
Table 13. Income quintile share ratio, European comparison 2005

| | 2004 | 2005 | 2006 |
|--------------------------------|------|------|------|
| Austurríki <i>Austria</i> | 3,8 | 3,8 | 3,7 |
| Belgía <i>Belgium</i> | 4,0 | 4,0 | 4,2 |
| Bretland <i>United Kingdom</i> | .. | 5,8 | 5,4 |
| Búlgaría <i>Bulgaria</i> | 4,0 | 3,7 | 3,5 |
| Danmörk <i>Denmark</i> | 3,4 | 3,5 | 3,4 |
| Eistland <i>Estonia</i> | 7,2 | 5,9 | 5,5 |
| Evrópusambandið <i>EU (25)</i> | 4,8 | 4,9 | 4,8 |
| Finnland <i>Finland</i> | 3,5 | 3,6 | 3,6 |
| Frakkland <i>France</i> | 4,2 | 4,0 | 4,0 |
| Grikkland <i>Greece</i> | 5,9 | 5,8 | 6,1 |
| Holland <i>Netherlands</i> | .. | 4,0 | 3,8 |
| Írland <i>Ireland</i> | 5,0 | 5,0 | 4,9 |
| Ísland <i>Iceland</i> | 3,4 | 3,5 | 3,7 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 5,7 | 5,6 | 5,5 |
| Kýpur <i>Cyprus</i> | .. | 4,3 | 4,3 |
| Lettland <i>Latvia</i> | .. | 6,7 | 7,9 |
| Litháen <i>Lithuania</i> | .. | 6,9 | 6,3 |
| Lúxemborg <i>Luxembourg</i> | 3,9 | 3,8 | 4,2 |
| Malta <i>Malta</i> | .. | 4,1 | 4,2 |
| Noregur <i>Norway</i> | 3,6 | 4,1 | 4,6 |
| Portúgal <i>Portugal</i> | 6,9 | 6,9 | 6,8 |
| Pólland <i>Poland</i> | .. | 6,6 | 5,6 |
| Rúmenía <i>Romania</i> | 4,8 | 4,9 | 5,3 |
| Slóvakía <i>Slovakia</i> | .. | 3,9 | 4,0 |
| Slóvenía <i>Slovenia</i> | .. | 3,4 | 3,4 |
| Spánn <i>Spain</i> | 5,1 | 5,4 | 5,3 |
| Svíþjóð <i>Sweden</i> | 3,3 | 3,3 | 3,5 |
| Tékkland <i>Czech Republic</i> | .. | 3,7 | 3,5 |
| Ungverjaland <i>Hungary</i> | .. | 4,0 | 5,5 |
| Þýskaland <i>Germany</i> | .. | 3,8 | 4,1 |

Skýringar *Notes:* Hér er miðað við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Eurostat birtir hinsvegar niðurstöður miðað við könnunarár (skýring 12, bls. 16–17). *This publication refers to income year, the year the income is received. Eurostat publishes data according to survey year.*

Heimild *Source:* Hagstofa Evrópusambandsins. *Eurostat.*

*Gini-stuðullinn var 24 árið 2003,
25 árið 2004 og 26 árið 2005*

Svonefndur Gini-stuðull sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna. Gini-stuðullinn væri 100 ef allar tekjurnar tilheyrðu sama einstaklingnum en aðrir hefðu ekkert, en stuðullinn væri 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn á Íslandi var 24 árið 2003, 25 árið 2004 og 26 árið 2005. Gini-stuðullinn er ólíkur fimmtungastuðlinum að því leyti að hann tekur tillit til alls talnasafnsins en fimmtungastuðullinn notar eingöngu hæstu 20% og lægstu 20%.


Tafla 14. Gini-stuðullinn

Table 14. The Gini coefficient

| | Gini | | | Vikmörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i> |
|-------------------|------|------|------|----------------------|--|
| | 2003 | 2004 | 2005 | 2004 | 2005 |
| <i>Alls Total</i> | 24 | 25 | 26 | ± 1 | 290.000 |

Í evrópskum samanburði höfðu sex þjóðir lægri Gini-stuðul en Íslendingar árið 2005 en 21 þjóð hafði hærri stuðul. Tvær þjóðir, Finnar og Hollendingar, voru með jafnháan stuðul og Íslendingar. Lægstur var stuðullinn 24 hjá Búlgörum, Dönum, Slóvenum og Svíum. Meðal Norðurlandþjóða höfðu Norðmenn hæsta stuðullinn árið 2005 eða 30.

Mynd 3. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2005
 Figure 3. *The Gini coefficient, European comparison 2005*



Skýringar Notes: Hér er miðað við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Eurostat birtir hinsvegar niðurstöður miðað við könnunarár (skýring 12, bls. 16–17). *This publication refers to income year, the year the income is received. Eurostat publishes data according to survey year.*

Heimild Source: Hagstofa Evrópusambandsins. *Eurostat.*

For translation of countries see table 6 on page 7.

Tafla 15. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður*Table 15. The Gini coefficient, European comparison*

| | 2003 | 2004 | 2005 |
|--------------------------------|------|------|------|
| Austurríki <i>Austria</i> | 26 | 26 | 25 |
| Belgía <i>Belgium</i> | 26 | 28 | 28 |
| Bretland <i>United Kingdom</i> | .. | 34 | 32 |
| Búlgaría <i>Bulgaria</i> | 26 | 25 | 24 |
| Danmörk <i>Denmark</i> | 24 | 24 | 24 |
| Eistland <i>Estonia</i> | 37 | 34 | 33 |
| Evrópusambandið <i>EU (25)</i> | 30 | 30 | 30 |
| Finnland <i>Finland</i> | 25 | 26 | 26 |
| Frakkland <i>France</i> | 28 | 28 | 27 |
| Grikkland <i>Greece</i> | 33 | 33 | 34 |
| Holland <i>Netherlands</i> | .. | 27 | 26 |
| Írland <i>Ireland</i> | 32 | 32 | 32 |
| Ísland <i>Iceland</i> | 24 | 25 | 26 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 33 | 33 | 32 |
| Kýpur <i>Cyprus</i> | .. | 29 | 29 |
| Lettland <i>Latvia</i> | .. | 36 | 39 |
| Litháen <i>Lithuania</i> | .. | 36 | 35 |
| Lúxemborg <i>Luxembourg</i> | 26 | 26 | 28 |
| Malta <i>Malta</i> | .. | 28 | 28 |
| Noregur <i>Norway</i> | 25 | 28 | 30 |
| Portúgal <i>Portugal</i> | 38 | 38 | 38 |
| Pólland <i>Poland</i> | .. | 36 | 33 |
| Rúmenía <i>Romania</i> | 31 | 31 | 33 |
| Slóvakía <i>Slovakia</i> | .. | 26 | 28 |
| Slóvenía <i>Slovenia</i> | .. | 24 | 24 |
| Spánn <i>Spain</i> | 31 | 32 | 31 |
| Svíþjóð <i>Sweden</i> | 23 | 23 | 24 |
| Tékkland <i>Czech Republic</i> | .. | 26 | 25 |
| Ungverjaland <i>Hungary</i> | .. | 28 | 33 |
| Þýskaland <i>Germany</i> | .. | 26 | 27 |

Skýringar *Notes:* Hér er miðað við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Eurostat birtir hinsvegar niðurstöður miðað við könnunarár (skýring 12, bls. 16–17). *This publication refers to income year, the year the income is received. Eurostat publishes data according to survey year.*

Heimild *Source:* Hagstofa Evrópusambandsins. *Eurostat.*

Skýringar og hugtök

1. *Lágtekjuhlutfall og lágtekjumörk* Lágtekjuhlutfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 4) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlifendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
4. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
5. *Lágtekjuhlutfall greint eftir ákveðnum breytum* Lágtekjuhlutfall er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og hvort fólk býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.
6. *Staða á vinnumarkaði* Staða á vinnumarkaði (e. *the most frequent activity status*) er sú staða sem svarandiinn segist hafa haft meira en helming ársins.
7. *Börn á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 16 ára aldri og þeir sem eru 16–24 ára, eru atvinnulausir og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri.
8. *Fimmtungastuðull, S80/S20* Fimmtungastuðull (e. *income quintile share ratio*) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu.
9. *Gini-stuðullinn* Gini-stuðullinn (e. *Gini-coefficient*) mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingur hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.

10. *Vikmörk* Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin $\pm 1,2$ eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.

11. *Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa* Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa telst ekki til ráðstöfunartekna (eða tekju-skerðingar) heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Hlutabréf gætu til dæmis hafa verið keypt fyrir 20 árum en verið seld með miklum hagnaði á því ári sem könnunin nær til og skilað sér í hárra upphæð inn á bankareikning viðkomandi. Eignin hefur myndast yfir 20 ára tímabil og gæti þess vegna hafa rýrnað á því ári sem könnunin mælir. Að sama skapi gæti fólk losað mikið fé með því að selja fasteign og hagnaður af slíkri sölu gæti verið umtalsverður ef tekið er mið af þróun undanfarinna ára á fasteignamarkaði. Slíkur gjörningur hefur þó ekki áhrif á ráðstöfunartekjur heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Bent hefur verið á að um getur verið að ræða mjög háar upphæðir sem áhrif gætu haft á bæði Gini-stuðulinn og fimmtungastuðulinn. Hins vegar er mikilvægt að halda samræmi við önnur lönd svo að gögnin verði samanburðarhæf.

12. *Tekjuár og könnunarár* Í útgáfum sínum miðar Hagstofa Íslands og hagstofur hinna Norðurlandanna ávallt við tekjuár, það ár sem teknanna er aflað. Eurostat, miðar hins vegar við könnunar-ár, það ár sem könnunin var gerð. Nýjasta könnunin sem hér er birt var framkvæmd í ársbyrjun 2006 en bæði spurningar um vinnumarkaðsstöðu svarenda og upplýsingar um tekjur sem fengnar eru úr skattskrá eiga við um árið á undan, 2005. Hagstofan birtir þess vegna upplýsingarnar undir árinu 2005 en Eurostat undir árinu 2006.

English summary

In 2003, 2004 and 2005 close to 10% of the population living in private households was at risk of poverty according to the EU-SILC definition. The at-risk-of-poverty threshold, set at 60% of median equivalised income, was 111,333 ISK for persons living alone in 2005 and 233,800 ISK for two adults with two children.

Taking age and gender into account, women between 16 and 24 years old were at the highest risk or a little over 14%. People in the age group 50–64 were at the lowest risk or a little over 4%.

A higher percentage of persons who live alone or alone with children were at risk of poverty than people in other household types. The same applies to persons who lived in rented accommodations compared to home owners.

In 2005, the income quintile share ratio shows that persons in the top income quintile had 3.7 times the equivalised income of those in the bottom income quintile. Another measure of income distribution, the Gini-coefficient, was 0.26 in 2005.

Of 30 European nations, Iceland was one of three nations with the lowest at-risk-of-poverty rate. Six nations had lower income quintile share ratio than Iceland, one had an equal rate and 22 nations had a higher rate. Six European nations had a lower Gini-coefficient than Iceland, two had an equal coefficient and 21 nations had a higher Gini-coefficient.

Hagtfíðindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
Statistical Series ***Wages, income and labour market***

93. árgangur nr. 25 2008:4

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-469X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series